
Golfvöllur við Rif, Snæfellsbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 24. október 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Snæfellsbæ um fyrirhugaðan golfvöll við Rif, Snæfellsbæ, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.10 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Snæfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Samgöngustofu.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Golfvöllur við Rif. Fyrirspurn um matsskyldu. Snæfellsbær, ágúst 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Snæfellsbæ með tölvupósti dags. 22. nóvember 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti dags. 3. desember 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 15. nóvember 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 15. nóvember 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 25. nóvember 2019.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 11. nóvember 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 12. desember 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í áformum um að leggja níu golfbrautir um land og graslendur sem nytjaðar voru fyrir um 50-60 árum sunnan við Rif á Snæfellsnesi. Framkvæmdaraðili leggur upp með að endurmótun lands verði haldið í lágmarki. Völlurinn verði gerður að mestu leyti með endurræktun á þurrlendi með sendnum jarðvegi. Deiglendi verði haldið ósnortnu eftir föngum og svæðið mótað þannig að golfvöllurinn lagi sig að deiglendi og því hlíft við raski. Norðan svæðisins er votlendara svæði og svæði til fuglaskoðunar sem ekki verði raskað. Golfvöllurinn verður unninn á fjórum árum og leitast við að forðast framkvæmdir á varptíma. Markmiðið með framkvæmdinni er að leika megi golf á velli sem mótaður er um landið eins og það er, en ekki byggður skv. fyrirfram ákveðnum hugmyndum um lögun, lengd eða uppröðun brauta.

4 UMHVERFISÁHRIF

Svæðið er hluti af svæði nr. 223 á náttúruminjaskrá og nýtur verndar vegna fjölbreytilegs landslags, frá fjöru til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar, jarðminjar og hraun frá nútíma, auk þess sem svæðið er mikið útivistarsvæði.



Fuglalíf og vistgerðir

Fram kemur að kríuvarpið við Rif, eða milli Rifs og Hellissands, sé eitt hið stærsta í Evrópu. Mörk kríuvarps verði metin sumarið 2020, en nyrsti hluti fyrirhugaðs golfvallarsvæðis verði endurmetinn verði talið að lega hans trufla kríuvarpið. Brandugla hefur sést við Ingjaldshól auk þess sem fjöldi Óðinshana séu á tjörnunum við Rif síðsumars, auk þess sem hrossagaukur, stelkur og spói séu algengar tegundir á svæðinu. Áhersla verði á að stilla áburðargjöf í hóf og nota lífrænan áburð.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir m.a. á í umsögn sinni að gert sé ráð fyrir að kanna kríuvarp sumarið 2020 og ef í ljós komi að taka þurfi tillit til þess verði lega golfvallarins endurmetinn. Golfvöllurinn sé nokkuð langt frá votlendi og fuglaskoðunarhúsi við Þjóðveginn og Rifi og ekki líklegt að hann hafi áhrif á það fuglasvæði. Stofnunin bendir á að helstu mótvægisáðgerðir felist í legu og gerð golfvallarins en fram hafi komið að framkvæmdaraðilli mun reyna að nýta landið eins og það er fyrir skv. tilkynningu.

Náttúrufræðistofnun telur golfvöll á þessu svæði ekki skerða forsendur verndar svæðisins enda um að ræða mjög lítinn hluta þess og framkvæmd sem hefur t.d. ekki mikil landslagsáhrif né áhrif á jarðminjar.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felist í truflun á fuglalífi en mikið kríuvarp er á aðliggjandi svæði. Krían falli undir forgangstegund fugla á Íslandi skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem hún sé ábyrgðartegund sökum hversu stór hluti Evrópustofnsins verpir á landinu. Framkvæmdin mun skerða varpsvæði mófugla skv. greinargerð en Umhverfisstofnun bendir á að margar tegundir í þeim hópi fugla séu ábyrgðartegundir Íslands. Á svæðinu hafi einnig sést til branduglu.

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði sé að mestu sendið graslendi, skilgreint sem bugðupuntsvist og einnig uppblásin og gróðursnauð svæði skv. greinargerð. Í greinargerð segir að möguleg mótvægisáðgerð við skerðingu varpsvæðis mófugla geti falist í að rækta nýtt graslendi sem ekki yrði slegið, á uppblásnu landi, utan fyrirhugaðra golfbrauta. Umhverfisstofnun bendir á að vistgerðir hávaxinna grasa séu ekki kjörlandi margra mófugla og kunni að henta illa sem varplendi og þyrftu slíkar mótvægisáðgerðir að vera gerðar undir leiðsögn fuglafræðinga að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf, ætti jarðvinna að fara fram utan varptíma en að slíkt sé hægt að setja sem skilyrði í leyfum framkvæmdarinnar.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðilla kemur fram að leitast verði við að forðast skerðingu mikilvægra vistgerða s.s. votlendis og búsvæða fugla og að þær breyti ekki vatnafari til að fyrirbyggja að framkvæmdin hafi áhrif á vatnsstöðu og rennsli um svæðið. Golfbrautir verða að mestu á þurrari svæðum til að vernda deiglendi. Ákveðið hafi verið að hafa golfvöllinn 9 holur í stað 18, til þess að tryggja verndun kríuvarps og votlendis norðan svæðisins. Lega golfvallarins verði aðlöguð eftir könnun fuglafræðings á svæðinu snemma sumars 2020. Ákvörðun varðandi ræktun nýs graslendis og tegundarval þess verði í samráði við viðeigandi sérfræðing.

Menningarminjar

Fram kemur að á svæðinu sé svokölluð Lárusarrenna, varnargarður og niðurgrafin renna meðfram honum og Þjóðleið. Þjóðleiðin liggja um sunnanvert svæðið. Áformar framkvæmdaraðilli að allar framkvæmdir tengdar golfvellinum muni laga sig að Þjóðleiðinni þannig að henni verði ekki raskað. Einnig er fyrirhugað að hliðra aðkomuvegi til að gera Lárusarrennu hærra undir höfði.

Minjastofnun nefnir í umsögn sinni að unnið hafi verið í samráði við minjavörð Vesturlands. Óskað hafi verið eftir því að fornleifar á fyrirhuguðum golfvelli yrðu skráðar og gerð grein fyrir skráðum fornleifum á áhrifasvæði fyrirhugaðs golfvallar.



Fram kemur í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila að haft verði samráð við minjavörð Vesturlands vegna gerðar deiliskipulagstillögu vegna golfvallarins og vegna framkvæmda þegar kemur að þeim.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Breyta þarf Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031, en fyrirhuguð er breyting úr óbyggðu svæði í gildandi aðalskipulagi yfir í íþróttasvæði. Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi var kynnt þann 30. maí sl.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið, en slíkt er forsenda leyfisveitinga fyrir umræddri framkvæmd.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um 9 brauta golfvöll við Rif á Snæfellsnesi. Áhersla verði á endurræktun á þurrlendi með sendnum jarðvegi. Deiglendi verði haldið ósnortnu eftir föngum og svæðið mótað þannig að golfvöllurinn lagi sig að deiglendi og því hlíft við raski. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.10 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða, og líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða og kjörlandis dýra, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð framkvæmd er nokkuð umfangsmikil með tilliti til stærðar þess svæðis sem fyrirhugað er að nýta, eða sem nemur um 13 ha. Skipulagsstofnun bendir á að brýnt er við tilhögun framkvæmdar að tillit verði tekið til þess að um er að ræða svæði sem nýtur verndar vegna landslags og jarðminja, auk þess að í grennd við svæðið er búsvæði krúu og mófugla, sem sumar hverjar eru ábyrgðartegundir hérlendis. Stofnunin telur að þar sem áhersla framkvæmdaraðila er á að fylgja legu landsins við mótun vallarins og að samráð verður viðhaft varðandi lífríki og menningaminjar og að verktilhögun verður með þeim hætti sem boðað er, verði áhrifin óveruleg.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eru óveruleg að því gefnu að verktilhögun verði með þeim hætti sem boðað hefur verið eins og áður segir. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna landmótunar á lífríki svæðisins verði nokkuð neikvæð á meðan á framkvæmdum stendur, en óverulegt þegar frá líður. Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni komi viðhafi þá verktilhögun þannig framkvæmdin verði ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. janúar 2020.

Reykjavík, 20. desember 2019.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson